

Nefndasvið Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. apríl 2014

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um losun og móttöku úrgangs frá skipum (EES-reglur), 376. mál.**

Nú er til skoðunar frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæði er varða losun og móttöku úrgangs frá skipum hjá umhverfis- og samgöngunefnd.


SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu telja þessi mál nú þegar í góðum farvegi meðal flutningafyrirtækja sem aðild eiga að samtökunum. Þau fyrirtæki hafa tileinkað sér ábyrga úrgangsstjórnun og ekki er um að ræða ólöglega losun á úrgangi frá skipum í sjó heldur er keypt þjónusta af þess tilbærum aðilum sem sjá um móttöku og losun.

Tilskipunin sem lagabreytingin byggir á, kveður skýrt á um að öll skip sem fara um hafnir í aðildarríkjum skuli leggja til umtalsverðan hluta þess fjár sem þarf til að reka móttökuaðstöðu óháð því hvort skipin noti aðstöðuna eða ekki. Gæta þarf að ákvörðunum einstakra hafna eða hafnarsamlaga um gjaldtöku og tryggja þarf að gjaldtöku sé stillt í hóf, sé sanngjörn, gagnsæ og endurspegli kostnað en verði ekki nýtt til óhóflegar tekjuöflunar.

Þrátt fyrir skyldu til að leggja þetta gjald á þá er mikilvægt að slíkt sé gert með sem minnst íþyngjandi hætti og mögulega unnt er og um leið að þeim sé umbunað sérstaklega fyrir að hafa lagt sig fram til að takmarka úrgang af eigin frumkvæði.

Þá er mikilvægt að gætt sé að 9. gr., þ.e. að nýttar séu þær undanþágur sem tilskipunin veitir sbr. að Umhverfisstofnun geti veitt undanþágu fyrir skip í áætlunarsiglingum sem hafa reglulega viðkomu í höfnum og sýna fram á trygga afhendingu úrgangs. Brýnt er að það verði með sem einföldustum hætti og þá auðsótt að uppfylltum skilyrðum.

Virðingarfyllst,  
f.h. SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu



Lísbet Einarsdóttir  
Forstöðumaður flutninga- og fræðslumála SVÞ